

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandinn Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Árna presti Þórarinssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. d. októbermán.

Nr. 43/1910:

Oddur Gíslason
fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag
gegn
Einari Gunnarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag í Kaupmannahöfn gegn cand. phil. Einari Gunnarssyni í Reykjavík, út af skuld, að upphæð 325 kr. 16 aur., er nefnt Kunstforlag taldi til hjá stefnda, og var málið dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 17. marz þ. á., á þá leið, að stefndi á að greiða áfryjanda upphæðina, 325 kr. 16 aur., með 5 % ársvöxtum frá 12. nóvbr. 1909 til borgunardags og 25 krónur í málskostnað; enn fremur var stefnda með dóminum gjört að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs samkv. tilskipun 11. ágúst 1819, með því að hann hafi

eigi löglega mætt við sáttaumleitun í málinu. Dómi þessum hefir áfrýjandinn, Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 4. júlí þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði í öllum greinum staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati yfirdómsins. Hinsvegar hefir stefndi Einar Gunnarsson gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 28. júlí þ. á. og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum áfrýjanda, að sektar og málskostnaðar ákvæði dómsins verði felt úr gildi og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir báðum réttum, svo og að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætuþinginu.

Stefndi mætti eigi í málinu fyrir bæjarþinginu, og var það því þar dæmt eftir skjölum þeim, er framlögð voru af hálfu sækjanda, þar á meðal reikningi yfir vörur frá Carl Stenders Kunstforlag »til Herr Köbmand Einar Gunnarsson Reykjavík«, að upphæð 325 kr. 16 aur. Fyrir yfirdóminum hefir stefndi komið fram með mótmæli gegn skuldinni, sem sé þau, að hann hafi eigi fengið áminstar vörur handa sjálfum sér, heldur fyrir félagsfyrirtæki hér í bænum, er stefndi var hluthafi í, enda beri reikningurinn þetta með sér, þar sem hann sé stílaður til »Köbmand Einar Gunnarsson« en eigi cand. phil. Einar Gunnarsson, og þar sem á honum standi »Kiosken«, sem á að tákna áminst verzlunarfyrirtæki. Svo tekur stefndi það fram, að »Kiosken« hafi ýmislegt að athuga út af viðskiftunum við áfrýjanda. En þessi mótmæli eru þýðingarlaus, með því að það er viðurkennt, að Köbmand Einar Gunnarsson og cand. phil. Einar Gunnarsson sé sami maðurinn, sem sé stefndi, og því hefir eigi verið

mótmælt, að hann hafi pantað og fengið hingað sendar vörur þær, er hann nú er krafinn borgunar fyrir, og er það áfrýjanda óviðkomandi, þótt vörurnar kunni að hafa verið fengnar handa einhverju fyrirtæki, er fleiri voru eigendur að en stefndi. Með því að eigi eru aðrar varnir fram komnar af hendi stefnda, og ekkert tillit verður tekið til þess í þessu máli, er hann segir um athugunarverð viðskifti »Kioskens« við áfrýjanda, verður að taka til greina kröfu áfrýjanda um staðfesting bæjarþingsdómsins bæði að því er skuldina snertir, málskostnaðinn og sektina fyrir óþarfa málsýfing, sem var réttilega álögð, og eftir þessum úrslitum getur stefndi eigi komist hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 kr. Krafa stefnda um sekt á áfrýjanda fyrir þrætugirni hefir við ekkert að styðjast og verður ekki tekin til greina.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Einar Gunnarsson greiði áfrýjanda Oddi Gíslasyni fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.